



Stytting vinnuvikunnar

Samgöngustofa

Desember 2020




Markmið með styttingu vinnuvikunnar

Markmið breytinganna er að stuðla að umbótum í starfsemi ríkisstofnana,

- ✓ bæta vinnustaðamenningu og nýtingu vinnutíma án þess að draga úr skilvirkni og gæðum þjónustu,
- ✓ tryggja betur gagnkvæman sveigjanleika,
- ✓ stuðla að bættum lífskjörum og samræmingu vinnu og einkalífs,
- ✓ auka samfélagslega ábyrgð og skapa góða fyrirmynd, öðrum til eftirbreytni.

Betri vinnutími kemur öllum til góða, starfsfólki, stjórnendum og almenningi

Í langflestum kjarasamningum sem gengið var frá 2019-2020 er kveðið á um heimild til að stytta vinnuvikuna en forsendan er umbótasamtal á hverri stofnun fyrir sig. Heimildarákvæðið er í fylgiskjali 1 því kjarasamningsákvæðum varðandi vinnutíma var ekki breytt. Fyrir næstu kjarasamninga verður metið hvernig til tókst og því má segja að samningstíminn sem nær út mars 2023 sé tilrauna- og reynslutími.



Stytting vinnuvikunnar – helstu forsendur

Þeir vinnustaðir sem þegar hafa stytt vinnuvikuna fóru í skipulagsbreytingar á vinnufyrirkomulagi, verklagi, samvinnu og tímastjórnun til að ná fram markmiðum um gagnkvæman ávinning starfsmanna og vinnustaðarins. Stjórnendur og starfsfólk sáu í verkefninu tækifæri til umbóta og eru sammála um að það sé öllum til hagsbóta þó svo að vissulega hafi það verið áttak til að byrja með. Niðurstaðan er að hægt sé að vinna styttri vinnudag en skila engu að síður sömu eða jafnvel meiri afköstum á vinnustöðum.

Helstu forsendur:

- Umbótasamtal – samtal milli starfsfólks og stjórnenda um umbætur, verklag og vinnufyrirkomulag
- Leiðir ekki til breytinga á launum eða launakostnaði stofnana
- Starfsemi stofnunar raskist ekki og opinber þjónusta sé af sömu eða betri gæðum og áður



Áskorun en á sama tíma frábært tækifæri

Tímamót og væntingar um breytingar

- Starfsfólk Samgöngustofu samþykkti mestu styttingu vinnuvikunnar með meira en 70% atkvæða
- Breytingarnar eiga að taka gildi frá og með 1. janúar 2021 og því handan við hornið

Tækifæri fyrir breytta hugsun en gleymum ekki gleðinni

- Starfsfólk leggur sinn tíma í „púkkið“ á sama tíma og stofnunin ætlar að auka sveigjanleika
- Erum í þessu saman og náum ekki árangri nema það ríki traust og allir taki þátt

Leiðin til árangurs

- Jöfnum vinnuálag þannig að jafnvægi sé á milli starfa og væntinga til framlags
- Tileinkum okkur skilvirka tímastjórnun fyrir okkur sjálf og aðra
- Innleiðum vinnuaðferðir umbótastjórnunar og gerum okkur lífið léttara

Hvernig vinnustað viljum við?

- **Vinnuframlag sé metið út frá því sem við skilum en ekki hversu lengi við erum að því!**




Stytting vinnuvikunnar

*Snýst um jafnvægi
vinnu og einkalífs*

*Breytt vinnubrögð /
einföldun ferla*

*Spennandi tilraun /
okkar að láta ganga
upp!*



*Stytttri vinnutími /
aukin afköst*

*Skýrar reglur /
forðumst boð og
bönn*

*Minni tímasóun /
virðing fyrir tíma fólks*



Stytting vinnuvikunnar – ferillinn


Ferlið sett af stað og umbótaþópur tók til starfa í júní 2020.

Val á starfsfólki í vinnuhóp; vildum ná fram fjölbreyttum sjónarmiðum inn í hópinn og því ákveðið að velja tvo af hverju sviði sem endurspeglaði breidd starfsmanna í lífaldri, starfsaldri, kyni, fjölskylduhögum, menntun og störfum innan stofnunar. Í hópnum eru;

- F.h. skrifstofu forstjóra: Helga Finnsdóttir og Halla G. Torfadóttir
- F.h. stjórnslu- og þróunarsviðs: Elínborg Ellertsdóttir og Ómar Sveinsson
- F.h. umferðar- og þjónustusviðs: Íris Hlín Heiðarsdóttir og Klara Kristjánsdóttir
- F.h. mannvirkja- og leiðsögu sviðs: Guðbjörn Jensson og Sindri Sveinsson
- F.h. flug- og siglingasviðs: Leifur Gústafsson og Ketill Már Björnsson



- Fræðsluefni sent til starfsfólks í september
- Upplýsingaöflun og greining fór fram í september
- Skoðunarkönnun send á starfsfólk í október og unnið úr niðurstöðum
- Unnið úr niðurstöðum könnunar og útfærslur lagðar til kosninga 10. nóvember
- Niðurstöður kynntar í nóvember




Hvað var samþykkt hjá Samgöngustofu?

- Kjarasamningar hljóða upp á 13 mínútna daglega styttingu vinnutíma
- Mesta stytting til viðbótar eða 35 mínútur byggir á að hefðbundinn matartími er felldur niður
- Snýst um að innstimplaður vinnutími sé virkur vinnutími hjá stofnuninni
- Býður upp á aukinn sveigjanleika þ.a. hægt að hliðra til og útfæra
- Á ekki að valda því að starfsfólk þurfi að „hlaupa hraðar“ í vinnunni
- Á ekki að verða til þess að stofnunin geti ekki sinnt núverandi verkefnum með sama mannskap og á sambærilegan hátt




Í DAG




13 MÍN

ALLA DAGA




Í DAG



65 MÍN

EINU SINNI Í VIKU



Útfærsla Samgöngustofu

- Útfærsla Samgöngustofu gengur út á hámarksstyttingu á viðveru með því að starfsfólk samþykkti að grein 3.1 í kjarasamningum um matar- og kaffitíma á dagvinnutímabili yrði gerð óvirk.
- Það þýðir að kaffi- og matartímar verða í öðru formi en áður hefur þekkt og skrepp frá vinnu á kostnað vinnuveitanda heyra sögunni til.



Hvar er mesti tímasparnaðurinn til að stytta matartímann hjá Samgöngustofu?

- Hafa minni matarskammta
- Skipuleggja tíma í mat
- Fjarlægja borð og stóla
- Hafa oftari soðinn mat



Viðvera og uppgjörstímabil

- Viðvera starfsfólks í 100% starfshlutfalli eru 36 klukkustundir á viku sem þýðir að almenn viðvera á dag eru 7 klst. og 12 mín.
- Almennt er miðað að unnið sé á tímabilinu frá kl. 08:00 til kl.17:00 mánudag til föstudags.
- Heimilt er, í samráði við næsta yfirmann, að safna styttingu saman í hálfan eða heilan frídag en sú frítaka þarf að vera skipulögð með góðum fyrirvara.
- Heimilt er, í samráði við næsta yfirmann, að taka styttingu út í hádegi til að fara t.d. í líkamsrækt og göngutúra.
- Ekki er heimild fyrir því að safna styttingu upp í nokkra daga né lengja sumarleyfi starfsfólks.
- Uppgjörstímabil í Vinnustund er það sama og áður.
- Klára þarf styttingu á uppgjörstímabili;
 - Starfsfólk fær styttingu ekki greidda út
 - Ef starfsfólk nær ekki að stytta viðveru sína á tímabilinu vegna mikils álags hefur yfirmaður heimild til að dreifa styttingu yfir á næsta tímabil, eftir það fyrnist styttingin
 - Ábyrgð á viðveru er á höndum starfsfólks
- Starfsfólk þarf að vera meðvitað um að þegar það fer út úr húsi þá þarf það að stimpla sig út og svo aftur inn.



Útfærslur á neysluhléum og erindum á vinnutíma

Matar og kaffihlé:

- Heimilt er að taka sér hlé til að borða í um 15-20 mínútur á starfsstöðvum Samgöngustofu án þess að stimpla sig út.
- Starfsmaður sem hyggst fara út úr húsi í hádeginu þarf að stimpla sig út og aftur inn þegar hann mætir til starfa.
- Heimilt er að fá sér kaffibolla eða aðra hressingu í kaffirýmum innan skynsamlegra marka.

Erindi á vinnutíma

- Skrepp eru ekki hluti af vinnutíma starfsfólks.
- Heimild er fyrir því að breyta skráningu í Vinnustund upp að vissu marki og í samráði við næsta yfirmann, ef starfsmaður þarf að fara til læknis/tannlæknis/með barn til læknis. Einnig er heimilt að breyta skráningu í Vinnustund, vegna jarðarfarar náins fjölskyldumeðlims.
- Nýta má styttingu til að fara í leikfimi og að sinna öðrum persónulegum erindum í hádeginu í samráði við næsta yfirmann en þá þarf starfsfólk að stimpla sig út.



Nokkrar góðar ábendingar

1. Einbeitum okkur að því sem er mikilvægast á hverjum tíma
2. Mælum niðurstöðurnar en ekki tímarn
3. Stillum á jákvætt viðhorf, það er auðveldara
4. Temjum okkur virk samskipti
5. Komum á og höldum rútínu
6. Gerum fleiri verkefni auðleysanleg
7. Hættum að dreifa athyglinni um of
8. Frestum ekki framkvæmd að óþörfu
9. Drögum úr daglegri streitu
10. Vinnum meira af því sem við höfum gaman af
11. Virðum tíma okkar og annarra



Næstu skref



"I HAVE TO HANG UP NOW, I HAVE ONLY AN HOUR
TO GET THESE REPORTS DONE."

- ✓ Hefjum styttingu vinnuvikunnar 4. janúar 2021
- ✓ Breytingar á vinnufyrirkomulagi í Vinnustund handan við hornið
- ✓ Áskorun að sinna öllum verkefnum á styttri tíma
- ✓ Innleiðum reglur um heimavinnu starfsfólks
- ✓ Innleiðum viðverustefnu Samgöngustofu
- ✓ Þróum vinnustaðinn okkar með því að tileinka okkur góðar venjur
- ✓ Hver hópur verður að sýna frumkvæði við innleiðingu hjá sér



Spurningar?

